# AFSTAÐA TIL STAÐGÖNGUMÆÐRUNAR

## RÍFLEGA HELMINGUR ÍSLENDINGA HLYNNTUR ÞVÍ AÐ LEYFA STAÐGÖNGUMÆÐRUN Á ÍSLANDI

- Tæplega 52% eru hlynnt því að leyfa staðgöngumæðrun á Íslandi en 23-24% eru henni andvíg.
- Karlar eru hlynntari því að leyfa staðgöngumæðrun en konur, eða rúmlega 56% á móti 47-48%. Þeim sem eru hlynntir staðgöngumæðrun fækkar með hækkandi aldri, þar sem um 69% fólks yngri en 25 ára er hlynnt staðgöngumæðrun en 39% þeirra sem eru 55 ára og eldri.
- Fólk með háskólapróf er síður hlynnt því að leyfa staðgöngumæðrun en þeir sem hafa styttri skólagöngu, eða 45% á móti um 56-58%.
- Kjósendur Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs eru nokkuð frábrugðnir öðrum þar sem rúmlega 41% kjósenda Samfylkingar eru hlynnt því að leyfa staðgöngumæðrun á Íslandi, einungis ríflega 26% kjósenda Vinstri grænna, en á bilinu 54-58% kjósenda hinna flokkanna.
- Svarendur, 857 manns, koma úr Þjóðgátt Maskínu, sem er panelhópur fólks sem er dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá og svarar á netinu. Svarendur eru af báðum kynjum, alls staðar að af landinu og á aldrinum 18-75 ára. Gögnin eru vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu samkvæmt Þjóðskrá. Könnunin fór fram dagana 3.-9. mars 2016. Send var áminning tvisvar sinnum á þá sem ekki höfðu svarað.
- Staðgöngumæðrun var skilgreind á eftirfarandi hátt í spurningunni: „Staðgöngumæðrun í víðum skilningi er þegar kona (staðgöngumóðir) gengur með barn fyrir par eða einstakling (verðandi foreldra eða foreldri) og hefur fallist á fyrir meðgönguna að afhenda þeim barnið eftir fæðingu."
- Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Maskínu: www.maskina.is og hjá Þóru Ásgeirsdóttur í síma 896-4427 eða hjá thora@maskina.is.

## Sp. 1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu því að leyfa staðgöngumæðrun á Íslandi?*

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög hlynnt(ur) (5) | 172 | 21,4 |
| Fremur hlynnt(ur) (4) | 244 | 30,4 |
| Í meðallagi (3) | 198 | 24,6 |
| Fremur andvíg(ur) (2) | 114 | 14,2 |
| Mjög andvíg(ur) (1) | 76 | 9,4 |
| Gild svör | 805 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 805 | 93,9 |
| Svöruðu ekki | 52 | 6,1 |
| Heildarfjöldi | 857 | 100,0 |

*Í spurningunni var staðgöngumæðrun skilgreind á eftirfarandi hátt: Staðgöngumæðrun í víðum skilningi er þegar kona (staðgöngumóðir) gengur með barn fyrir par eða einstakling (verðandi foreldra eða foreldri) og hefur fallist á fyrir meðgönguna að afhenda þeim barnið eftir fæðingu.







| | |
|---|---|
| Meðaltal | 3,40 |
| Staðalfrávik | 1,23 |

Nærri 52% Íslendinga eru hlynnt staðgöngumæðrun á Íslandi en 23-24% eru henni andvíg. Þá er hartnær fjórðungur í meðallagi hlynntur eða andvígur staðgöngumæðrun. Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög hlynnt(ur)“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög andvíg(ur)“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli. Meðaltalið er 3,40 sem gefur til kynna að Íslendingar eru nokkurn veginn á milli þess að vera í meðallagi hlynntir eða andvígir og fremur hlynntir því að leyfa staðgöngumæðrun á Íslandi.

Á næstu síðum má sjá að karlar eru hlynntari staðgöngumæðrun en konur, stuðningur við staðgöngumæðrun minnkar með hærri aldri og þeir sem eru með háskólapróf eru ekki jafn hlynntir og þeir sem eru með styttri skólagöngu. Þá eru einhleypir hlynntari en aðrir og kjósendur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs eru töluvert andvígari staðgöngumæðrun en kjósendur annarra flokka.

## Sp.1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu því að leyfa staðgöngumæðrun á Íslandi?

| | Gild svör | Hlynnt(ur) | Í meðallagi | Andvíg(ur) |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % |
| Allir | 805 | 51,8 | 24,6 | 23,6 |
| Kyn* | | | | |
| Karl | 400 | 56,2 | 23,3 | 20,4 |
| Kona | 405 | 47,4 | 25,9 | 26,7 |
| Aldur* | | | | |
| Yngri en 25 ára | 105 | 68,9 | 12,8 | 18,2 |
| 25-34 ára | 155 | 64,5 | 18,9 | 16,6 |
| 35-44 ára | 137 | 55,2 | 26,8 | 18,1 |
| 45-54 ára | 142 | 46,1 | 31,4 | 22,5 |
| 55 ára og eldri | 266 | 39,0 | 27,8 | 33,2 |
| Búseta | | | | |
| Reykjavík | 302 | 49,3 | 25,9 | 24,8 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 217 | 54,7 | 21,9 | 23,4 |
| Suðurland og Reykjanes | 88 | 47,0 | 27,9 | 25,1 |
| Vesturland og Vestfirðir | 52 | 50,1 | 27,5 | 22,4 |
| Norðurland | 103 | 59,6 | 22,4 | 18,0 |
| Austurland | 44 | 48,2 | 24,3 | 27,5 |
| Fjölskyldutekjur* | | | | |
| 399 þúsund eða lægri | 177 | 60,7 | 21,5 | 17,9 |
| 400-799 þúsund | 257 | 44,3 | 29,6 | 26,2 |
| 800 þúsund eða hærri | 258 | 55,4 | 22,4 | 22,2 |
| Menntun* | | | | |
| Grunnskólapróf | 155 | 55,6 | 25,8 | 18,7 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 267 | 58,1 | 23,4 | 18,5 |
| Háskólapróf | 352 | 45,0 | 26,0 | 29,1 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p< 0,05).

# AFSTAÐA TIL STAÐGÖNGUMÆÐRUNAR

## Sp.1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu því að leyfa staðgöngumæðrun á Íslandi?

| | Gild svör | Hlynnt(ur) | Í meðallagi | Andvíg(ur) |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % |
| Allir | 805 | 51,8 | 24,6 | 23,6 |
| **Hjúskaparstaða*** | | | | |
| Gift/Kvæntur/Í sambúð | 562 | 50,9 | 25,4 | 23,7 |
| Einhleyp(ur) | 144 | 57,1 | 23,7 | 19,3 |
| Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill | 64 | 48,0 | 23,2 | 28,9 |
| **Heimilisgerð** | | | | |
| Ein(n) á heimili | 112 | 47,4 | 23,7 | 28,9 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn | 245 | 58,2 | 21,1 | 20,7 |
| Fullorðnir með 3 börn eða fleiri | 72 | 55,9 | 22,6 | 21,6 |
| Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn | 322 | 47,4 | 28,7 | 24,0 |
| **Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*** | | | | |
| Bjarta framtíð | 13 | 57,8 | 18,6 | 23,6 |
| Framsóknarflokkinn | 69 | 54,2 | 28,8 | 17,0 |
| Pírata | 219 | 55,2 | 22,7 | 22,1 |
| Samfylkinguna | 54 | 41,3 | 32,5 | 26,2 |
| Sjálfstæðisflokkinn | 110 | 56,5 | 25,2 | 18,3 |
| Vinstrihreyfinguna - grænt framboð | 60 | 26,2 | 18,3 | 55,6 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p< 0,05).